



**Miðsumarmót Kæna 2017**  
**10. júní**  
**Siglingaklúbburinn Þytur**  
**Hafnarfjörður**

## **TILKYNNING UM KEPPNI**

### **1 REGLUR**

- 1.1** Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2017-2020, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### **2 AUGLÝSINGAR**

- 2.1** Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar.  
**2.2** Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

### **3 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

- 3.1** Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

1. Optimist
2. Laser 4,7
3. Laser radial
4. Laser standard
5. Topper Topaz
6. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

### **4 ÞÁTTTÖKUGJALD**

Þátttökugjald á hvern keppanda er kr. 2000

Gjaldið hækkar í kr. 2500 ef skráning berst eftir kl. 21:00 þann 6. Júní.

Gjald greiðist inná reikning: **545-26-987** Kt: **680978-0189** eða við afhendingu kappsiglingafyrirmæla.

Senda skal staðfestingu á greiðslu á **namskeid@sailing.is**

### **5 Skráning**

Skráning skal berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 þriðjudaginn 6. júní með tölvupósti á **namskeid@sailing.is**

Taka þarf nafn keppanda, kennitölu, seglanúmer, bátstegund, félag sem keppt er fyrir og símanúmer keppanda. Ef keppandi er undir 18 ára þarf nafn og símanúmer foreldris/forráðamanns að fylgja með.

### **6 TÍMAÁÆTLUN**

#### **10. júní:**

Afhending kappsiglingafyrirmæla og greiðsla þátttökugjalds 9:00-9:20

Skipstjórafundur kl. 9:30

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:45

Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

- 7 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI**  
Kappsiglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað.
- 8 KEPPNISSVÆÐI**  
Keppt verður í og fyrir utan hafnarfjarðarhöfn í hraunavík.  
Skipstjórafundur fer fram uppi í sal Þyts - Strandgötu 88.
- 9 KEPPNISBRAUTIR**  
Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum
- 10 STIGAGJÖF**  
Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni slökustu keppni.
- 11 FJARSKIPTI**  
Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.  
Keppnisstjórn notar rás 71 til samskipta.
- 12 VERÐLAUN**  
Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.
- 13 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**  
Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.
- 14 ÖRYGGIS- OG GÆSLUBÁTAR**  
Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum á tilteknu svæði og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema í neyðartilviki.  
Tilkynnt verður á skipstjórafundi hvar öryggis- og gæslubátar eiga að vera meðan keppni stendur.
- 14 FREKARI UPPLÝSINGAR**  
Frekari upplýsingar fást hjá Keppnisstjóra, Sindra Þór, í síma 694-3083 eða með tölvupósti á namskeid@sailing.is